

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 7. október 2025 kl. 19:30 að Engjavegi 6 hjá ÍSÍ og á Teams.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AÍFS, Tryggvi Þórðarson KK og Aðalsteinn Símónarson BÍKR

18 gestir í sal og 11 á Teams

Fundargerð ritaði AS

1. Keppnistímabilið 2025

Almennt töldu fundargestir að keppnishald á árinu hafi verið svipað og undanfarin ár. Fólk var að mestu ánægt með framkvæmd keppna en þó var kvartað yfir að sumar upplýsingar bærust seint frá keppnishöldurum, s.s. hvaða leiðar ætti að keyra í RR.

Einnig var bent á að óheppilegt sé að lengsta keppni ársins sé einungis þremur vikum eftir næstu keppni á undan, gefa yrði áhöfnum meiri tíma til að undirbúa sig og ökutæki sín.

Jafnframt kom fram að eðlilegt væri að upplýsingar um leiðir o.þ.h. í keppni með aukið vægi séu birtar með meiri fyrirvara en fyrir styttri keppnir.

Einnig var talsvert rætt um merkingu akstursleiðar, t.d. með keilum, og hvort eða hvernig ætti að refsa fyrir að aka á leiðarmerkingar.

Meðal annarra mála sem rætt var um voru „Target tími“, miðlun upplýsinga með Messenger og útfærsla leiðarbóka.

2. Reglubreytingar fyrir 2026

Fram kom tillaga að skylda ökumenn til að hafa setið námskeið í skyndihjálp.

Þá var lagt til að heimilt yrði að hafa hjólaspyrnur stillanlegar í flokki C, sem og að aðrar rúður en framrúða mættu vera úr plasti

Einnig var nokkuð rætt um kröfur til að ökutæki væru vel útlítandi.

3. Rafrænn tímatökubúnaður

Upplýst var að innlendur tímatökubúnaður hefði verið prófaður í keppni AÍFS 4. okt. s.l. og virkað vel þó ýmislegt þurfi enn að bæta svo hægt sé að notast við hann algerlega í stað handvirkra tímatöku.

Fundurinn samþykkti áskorun til keppnishaldara að vinna að því í vetur að næsta sumar verði rafrænn búnaður í öllum ökutækjum í öllum keppnum til prófunar og reynslu, þar sem áhersla verði lögð á tímatöku og ferilvöktun (staðsetningu á hverjum tíma).

4. Kostun á flokki C

Rætt um reynsluna af því að hafa kostunaraðila sem var nokkur undanfarin ár en ekki 2025.

Fram komu ábendingar að æskilegt væri að verðlaun væru í formi peninga frekar en inneignar og eins að þátttakendum í flokknum væru tryggð hagstæð viðskiptakjör hjá kostanda ef til þess kæmi.

5. Önnur mál

Jepparally - KK hyggst sækja um að halda þrjár keppnir í Hill rally / jepparally til Íslandsmeistara á næsta ári.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 21.08